shall remain in force until two months after a Note of termination is received by either Government.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

His Excellency
Mr. Gudmundur E. Gudmundsson,
Minister of Foreign Affairs,
Reykjavik, Iceland.

L. E. Couillard,
Ambassador.

17. október. Nr. 9.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskiptasamnings milli Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949, var undirritaður í Varsjá, hinn 14. september 1962, samningur um viðskipti milli landanna fyrir tímabilið 1. október 1962 til 30. september 1963.

Gert er ráð fyrir, að Ísland selji eins og áður frysta síld, saltsíld, fiskimjöl, lýsi, saltaðar gærur og fleiri vörur. Frá Póllandi er meðal annars gert ráð fyrir að kaupa kol, timbur, járn og stálvörur, efnavörur, vefnaðarvörur, vélar og verkfæri, búsáhöld, skófatnað og fleiri vörur.

Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu fyrir 30. september 1963, framlengist það sjálfkrafa óbreytt um eitt ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. október 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

17. október. Nr. 10.

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 4. september 1962 var undirritað í Prag samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu 1. september 1962 til 31. ágúst 1963, á grundvelli viðskiptasamnings frá 16. nóvember 1960 (Stj.tíð. A 73/1960).

Samkvæmt vörulistum, sem nú hefur verið samið um, er gert ráð fyrir, að Ísland selji eins og áður: Fryst flök, frysta síld, fiskimjöl, lýsi, fiskniðursuðu, auk fleiri vara. Frá Tékkóslóvakíu er m. a. gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvöru, skófatnaði, búsáhöldum, rúðugleri, járni og stálvörum, margs konar iðnaðarvélum og verkfærum, bílum, hjólbörðum, auk fleiri vara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. október 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.